

Alþingi  
Erindi nr. P 131/850  
komudagur 24.2.2005



LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,  
v/sjávarútvegsnefndar,  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 23. febrúar 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994 um  
Próunarsjóð sjávarútvegsins, 387. mál, gildistími laganna.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Próunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, 387. mál.

Með bréfi til sjávarútvegsnefndar dags. 19.4.2004 gáfum við umsögn um frumvarp um breytingu á umræddum lögum í tengslum við niðurfellingu á þáverandi 4. og 6. greinum laganna. Í því bréfi lögðum við til að sjóðurinn yrði gerður upp hið fyrsta.

Í bréfinu sagði jafnframt:

”Eignir sjóðsins eru fyrst og fremst bankainnistæður og skuldabréf og skuldir hans að stærstum hluta skuldabréf og lán ríkissjóðs.

Við blasir að unnt er að gera sjóðinn upp nú þegar og í því sambandi virðist nærtækast að gera skuldir sjóðsins við ríkissjóð upp með afhendingu eigna hans á móti skuldunum. Mikilvægt er að þetta gerist sem fyrst enda er umtalsverður kostnaður af rekstri sjóðsins sem unnt er að spara.

Þar sem ljóst er að innheimt hafa verði gjöld umfram skuldbindingar sjóðsins er þess farið á leið að við uppgjör á sjóðnum verði það sem umfram verður endurgreitt til þeirra sem hafa greitt til sjóðsins á þessu fiskveiðiári í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra.”

Við leyfum okkur að ítreka ofangreint.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri